

um frv. til fjárlaga árið 1971.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Að venju gerir meiri hluti fjárveitinganefndar grein fyrir þeim tillögum, sem nefndin flytur sameiginlega. Aðild okkar að þeim er með svipuðum hætti og verið hefur. Við höfum óbundnar hendur um fylgi við þær í heild og hverja einstaká þeirra. En þó að fyrirvari okkar sé sá sami og verið hefur og hefðbundin venja er af hálfu minni hluta fjárveitinganefndar, þá viljum við taka það fram viðvíkjandi þessum tillögum yfirleitt, að þær bæta fjárlagafrumvarpið frá því, sem það var, er það var lagt fyrir Alþingi í upphafi þessa þings. Við munum fylgja þessum tillögum til samþykktar. Enda þótt við teljum, að í rétta átt hafi verið stefnt í vinnubrögðum fjárveitinganefndar, er þó langt frá því, að komið hafi verið til móts við þörfina í mörgum veigamiklum málaflokkum. Að því munum við víkja síðar í þessu nefndaráli.

Nú, þegar fjárlagafrumvarpið kemur til annarrar umræðu, eru niðurstöðutölur tekjumegin 11 536 millj. kr. og er hækkunin frá gildandi fjárlögum 3 139 millj. Þessi hækkun er stórfelldari en dæmi eru til í sögu íslenskra fjárlaga, og það svo, að öll fyrri met á því sviði hverfa sem dögð fyrir sólu. Sem dæmi um það, hvað stórfelld þessi hækkun er, viljum við minna á það, að fjárlögin voru árið 1967, þegar kosið var til Alþingis fyrir þetta kjörtímabil, sem nú er að ljúka, 4 700 millj. kr., eða einum þriðja hærri í heild en hækkunin ein er nú. Enda þótt greiðsluafgangur á fjárlagafrv. sé nú 400 millj. kr., mun hann ekki verða stórfelldur, þegar upp verður staðið, þar sem enn þá eru óuppgerðir stórir málaflokkar, eins og launahækkun ríkisstarfsmanna og framlög til nýrra bygginga barna- og gagnfræðaskóla o. fl.

Ástæða er til, að alþingismenn geri sér grein fyrir því, til hvers þetta fé fer. Láta mun nærri, að um 10—13% af þessum hækkunum gangi til fjárfestingarframkvæmda. En þrátt fyrir það, að um 300—400 millj. kr. aukið fé gangi til fjárfestingar og atvinnuveganna, eykst ekki framkvæmdamáttur þess fjár, er til þeirra rennur, við það, heldur hið gagnstæða, þar sem vöxtur verðbólgunnar er meiri en því nemur. Að einhverju leyti fer þetta fé í aukinn rekstrarkostnað, er leiðir af fjölgun þjófðarinnar, svo sem að fleiri kennara þarf til starfa, er börnunum fjölgar. Að öðru leyti gerir þjóðin kröfur til aukinnar þjónustu, menntunar o. fl. Launakjör voru orðin það lág hér á landi, að úr varð að bæta. En það, sem skiptir sköpum hér, er stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Verðbólgan gleypir hvern milljarðinn eftir annan í sína óseðjandi hit. Áhrifa hennar gætir alls staðar. Allar áætlanir verða haldlitlar vegna áhrifa hennar. Tekjustofnar, er miðast við krónutölu, en ekki hlutfall í verði, tapa gildi sínu. Hallarekstur væri á næsta leiti, ef verðlag og aflabrögð væru ekki með þeim ágætum, að engin dæmi eru til slíks, a. m. k. hvað verðlag á útflutningi sjávarafurða snertir.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er undirlagt af áhrifum verðbólgunnar, eins og sjúklingur af skæðum sjúkdómi. Yfir 1 100 millj. kr. er varið til niðurgreiðslna á vöruverði. Þessi fjárhæð nægir þó ekki til að halda verðlagi í skefjum nema til 1. september n. k. Enda þótt greiddar séu 8000 kr. í fjölskyldubætur með hverju barni, er þó kaupmáttur bótanna ekki eins mikill og fyrir áratug. Þessi einkenni verðbólgunnar eru augljós, en þar að auki mergsýgur verðbólgan allan rekstur í

landinu. Þá þarf að hafa það í huga í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, eins og áður er að vikið, að ekkert fé er ætlað til að halda þeim niðurgreiðslum áfram eftir 1. september n. k., sem upp voru teknar um síðustu mánaðamót. Þá er ekki heldur gert ráð fyrir, að fé þurfi til að greiða auknar verðlagsuppbætur á laun ríkisstarfsmanna, ef niðurgreiðslum yrði hætt 1. sept. n. k., eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Ljóst er af þessu, að þrátt fyrir það, að fjárlögin hækka um 3.2 milljarða kr. á einu ári, er þeim ekki ætlað að halda verðlagi í skefjum eða mæta verðhækkun nema 8 mánuði af árinu. Fram hjá þessum alvarlegu staðreyndum verður ekki gengið né því, að hlutfallslega dregur úr framkvæmdafé með ári hverju.

Eins og vikið er að fyrr í þessu nefndaráliti, er þrátt fyrir gífurlega hækkun fjárlaganna ekki nema að takmörkuðu leyti mætt fjárförf til margra nauðsynjamála.

Skólamálin eru ekki nema að takmörkuðu leyti til afgreiðslu við þessa umræðu, svo að þau verða ekki rædd hér nema að því leyti, að við viljum vekja sérstaka athygli á uppbyggingu Kennaraskólans. Eins og fram kom hjá skólastjóra Kennaraskólans í viðtali við fjárveitinganefnd og í erindi, er nemendur skólans sendu alþingismönnum, og fjárveitinganefndarmönnum er ljóst af heimsókn í skólann, þá er aðstaða til að kenna svo mörgum nemendum sem þar stunda nám með öllu óviðunandi, svo að því verður ekki slegið á frest að gera þar úrbætur. Fjárveitinganefnd flytur að þessu sinni tillögu um fjárveitingu til byggingarframkvæmda við Kennaraskólann. Við gerðum ráð fyrir því, að hjá því yrði ekki komizt að byggja viðbótarkennslurými. Hins vegar mun meiri hluti fjárveitinganefndar gera ráð fyrir því, að íþróttahús gangi fyrir öðrum byggingarframkvæmdum skólans. Ekki verður um það deilt, að mikil þörf er á þeirri byggingu, og að okkar dómi ætti íþróttahúsbygging þessi að þjóna bæði Kennaraskólanum og a. m. k. Menntaskólanum við Hamrahlíð. Við viljum undirstrika það, að við treystum þeim, er ákvarðanir taka um þessa framkvæmd, að þeir hafi til að bera framsýni og frjálslýndi til að sinna þörfum þess skólafólks til íþróttaiðkana, er auðvelt á með að sækja í þetta væntanlega íþróttahús, svo og að það músarholusjónarmið verði ekki látið ráða um gerð þessa íþróttahúss, að þær íþróttagreinar og íþróttaleikir, sem æskan iðkar í dag, hafi ekki það húsrými, er þau krefjast. Þó að brýn þörf sé á byggingu íþróttahússins og við eigum aðild að tillögu til þeirrar framkvæmdar, teljum við, að ekki sé síður þörf á að auka sjálft kennslurými Kennaraskólans og að veita jafnmikið fé til hans.

Forráðamenn Sjómannaskólans hafa sótt um fjárveitingu til framkvæmda á undanförunum þingum, án árangurs þar til nú. Af þeirra hendi var um að ræða rökstudda nauðsyn, sem verður að fylgja eftir, þar til hún er komin til framkvæmda. Fjárveiting sú, sem veitt er að þessu sinni, mun tryggja það, að framkvæmd geti hafizt á næsta ári og náð verði verulegum áfanga.

Á s. l. sumri heimsótti undirnefnd fjárveitinganefndar ríkissjúkrahúsins hér í borginni, svo og Vífilsstaði og Borgarsjúkrahúsið. Þessar heimsóknir ásamt viðtölum við lækna og hjúkrunarfólk og stjórnarnefnd sjúkrahúsa urðu nefndarmönnum mikils virði. Það er skoðun okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum, að nauðsyn beri til, að þessi sjúkrahús komi á hjá sér auknu samstarfi, sem leiði til bætts skipulags og aukinnar verkaskiptingar.

Meðal þeirra vandamála, sem um var rætt í viðtölum við forustumenn heilbrigðismála, var það, að við sjúkrahúsin starfaði hópur af starfsfólki, er ekki fékkst fast-ráðið, en þörf væri fyrir, og þar til viðbótar væri þörf á auknu starfsliði, m. a. vegna aukinnar þjónustu. Í tillögum fjárveitinganefndar er sýnd viðleitni til að mæta réttmætum óskum þar um, þó að mikið skorti á, að fullnægt sé. Við viljum lýsa þeirri skoðun okkar, að þessi mál verði að taka föstum tókum og ráða til starfa það fólk, sem nauðsyn ber til, og forðast þau lausatök, sem á þessum málum hafa verið. Þá viljum við vekja sérstaka athygli á starfsaðstöðu á sjúkrahúsinu á Kleppi, m. a. á því, hvað margir sjúklingar dveljast í elzta hluta sjúkrahússins, sem er gamalt timburhús. Hér er um að ræða verkefni, sem ekki má draga að leysa.

Við viljum undirstrika það, að til framkvæmda í heilbrigðismálum þarf mikið fé. Gerum við tillögu um viðbótarfé á þessum fjárlagalið. Í tillögu fjárveitinganefndar er að finna fjárveitingu til þriggja læknameiðstöðva. Hér er tekið undir óskir fólksins í viðkomandi héruðum. Ljóst er, að þessar fjárveitingar munu ekki nægja til að ná áföngum í byggingarframkvæmd, t. d. til að gera fokheld hús hjá þeim, er byrja á byggingu á næsta ári. Þarf því að koma viðbótarfé eða lántökuheimild.

Það kemur fram við athugun á fjárlagafrv., að minna verður unnið að raforku-dreifingu um sveitir landsins á næsta ári en á þessu. Er hér öfugt að farið. Það kom fram í viðtali við framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins, að með 60 millj. kr. fé til framkvæmda á næstu 5 árum mætti ná þeim árangri að ljúka verkinu að mestu. Athugun fer nú fram á málinu í heild, og gerum við ráð fyrir áætlun um lok þessara framkvæmda að henni lokinni, en þar til munum við styðjast við hugmynd þá, er framkvæmdastjóri Rafmagnsveitna ríkisins setti fram á fundi fjárveitinganefndar og áður er vitnað til, og gerum tillögu um 60 millj. kr. fjárveitingu til verksins.

Þá leggjum við til, að fjárveiting til að jafna aðstöðu nemenda til framhaldsnáms verði hækkuð úr 12 millj. kr. í 25 millj. kr. Það kom í ljós, er á reyndi, að þessi fjárveiting er alls ófullnægjandi og verður enn frekar á árinu 1971 en á þessu ári. Við leggjum í þessu sambandi áherzlu á það, að nemendur í heimavistarskólum njóti ekki minni réttar en aðrir nemendur, eins og nú er, og að nauðsyn er á að tryggja, að erfiður fjárhagur nemenda og aðstandenda þeirra komi ekki í veg fyrir, að sérhvert ungmanni geti notið skólagöngu að skyldunámi loknu.

Þá viljum við vekja athygli á því, að þrátt fyrir svo gífurlega hækkun fjárlaga sem að framan er lýst er engu fé varið til að skapa aukið atvinnuöryggi í landinu eða góðari notað á einn eða annan hátt til að búa í haginn fyrir framtíðina. Við leggjum því til, að Atvinnuþjófnumarsjóður fái 20 millj. kr. fjárveitingu.

Eins og fram kemur fyrir í þessu nefndaráli, flytjum við ekki margar tillögur til breytinga á þessu fjárlagafrv. Hvort tveggja er, að nú fyrir 2. umr. er ekki ljóst, hvernig hagur ríkissjóðs verður, þegar fé hefur verið veitt til ýmissa þeirra mála, sem óafgreidd eru hjá fjárveitinganefnd, og hitt, að okkur þykir ekki fýsilegt að leggja til tekjuhækkun ofan á þau ósköp, sem orðin eru.

Tillögur til að draga úr ríkisútgjöldum flytjum við ekki. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að höfuðskilyrði þess, að unnt sé að sporna við úþpenslu í rekstrarkostnaði ríkisins, er alger breyting á fjármálastefnu stjórnvalda. Án slíkrar stefnubreytingar eru einstakar sparnaðartillögur haldlausar. Tveir okkar undirritaðra hafa tekið þátt í starfi undirnefndar fjárveitinganefndar, þar sem athugaðir hafa verið ýmsir þættir í ríkisrekstrinum, og m. a. hefur undirnefndin lagt til breytingu á framkvæmd lög-reglumála, sem mundi draga úr kostnaði.

Einnig ætti að okkar dómi að verða sparnaður af því, ef viðgerðarverkstæðum ríkisstofnana yrði fækkað og starfsemi þeirra skipulögð með tilliti til þess.

Við teljum, að athuga ætti, hvort hagkvæmt væri að sameina í eina stofnun verkfræðiþjónustu þá, er ríkið hefur á sínum vegum, en auka um leið slíka þjónustu úti á landsbyggðinni.

Að okkar áliði væri rétt, að undirnefnd fjárveitinganefndar kynnti sér starfsemi Efnahagsstofnunarinnar og þá með tilliti til þess, að hún hætti störfum, en starfsemi hennar yrði fengin í hendur Hagstofnunarinnar, að því leyti sem hún félli ekki eðlilega til annarra stofnana, svo sem Hagsýslu- og fjárlagastofnunarinnar.

Við teljum eðlilegt og nauðsynlegt, að ríkisvaldið hafi forustu um að koma á samstarfi sjúkrahúsa, eins og áður er að vikið.

Við minnum á stofnanir eins og Landnám ríkisins, vélasjóð o. fl., sem við teljum eðlilegt, að væru sameinaðar öðrum stofnunum.

Fátt sýnir betur, hvað ríkisstjórnin er langt frá því að hafa vald á stjórn fjármála ríkisins, en það, að á sama tíma sem Alþingi samþykkir lög um verðstöðvun, þá á að afgreiða fjárlög, sem eru á fjórða milljarð hærri en gildandi fjárlög, eða hækkunin ein er lítið eitt lægri fjárhæð en fjárlögin voru árið 1965, og enn fremur, að ekkert

fé er ætlað til þess að halda niðurgreiðslum þeim, sem upp voru teknar 1. desember s. l., áfram eftir 1. sept. n. k. Ekki er heldur ætlað fé til að inna af hendi auknar verðlagsuppbætur á laun frá þeim tíma. Þar við bætist, að þetta gerist nú, þegar tekjur ríkissjóðs hrannast upp vegna óvenjugóðs árferðis. Hver yrði afkoma ríkissjóðs, ef harðnaði á dalnum um tekjuöflun?

Tvívegis hafa núverandi stjórnarflokkar gripið til þess ráðs að stöðva verðlags-hækkanir í nokkra mánuði fyrir kosningar með niðurgreiðslum, sem kostað hafa skattborgarana hundruð milljóna króna. Í þriðja skipti er þessi leið reynd nú til að sýnast fram yfir kosningar. Í kjölfar þessara aðgerða hefur komið verðbólguflóð með stórfelldum gengisbreytingum, svo sem eftirminnilegt er frá árunum 1960 og 1961 og 1967 og 1968.

Tímabundin verðstöðvun án grundvallarstefnubreytingar mun nú sem fyrr leiða af sér dýrtíðarflóð, þegar fjárhagsgetu brestur til að greiða verðlag niður.

Þjóðin verður að snúa frá sýndarmennsku stjórnarflokkanna, er nú er höfð í frammi með verðstöðvunartali, og beita sér í baráttunni gegn verðbólgu með þeirri orku, er hún ræður yfir, því að án þess að sigra í þeirri glímu er efnahag hennar stefnt í voða. Það mun henni því aðeins takast, að hún fái eftir næstu alþingiskosningar nýja forustu og breytta stjórnarstefnu.

Alþingi, 7. des. 1970.

Halldór E. Sigurðsson,
frsm.

Geir Gunnarsson.

Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.